

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/367*  
*komudagur. 28.11.2006*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK



**FASTEIGNAMAT RÍKISINS**

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • ☎ 515 5300  
Fax 515 5310 • fmr@fmr.is • www.fmr.is

Reykjavík, 27. nóvember 2006

Tilvísun: 06110768/04.10/MH

**Efni: Frumvarp til upplýsingalaga, 296. mál, endurnot opinberra upplýsinga, EES-reglur.**


Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 21. nóvember sl., þar sem Fasteignamati ríkisins er veittur kostur að láta í té umsögnum um frumvarp til upplýsingalaga, 296. mál, endurnot opinberra upplýsinga, EES-reglur.

Af því tilefni vill Fasteignamat ríkisins gera fyrirvara um að í frumvarpinu er gengið að hluta til lengra en 6. gr. tilskipunar (EB) nr. 2003/98 áskilur í sambandi við gjaldtöku fyrir endurnotkun opinberra upplýsinga. Í 6. gr. tilskipunarinnar er því slegið föstu að gjöld fyrir endurnotkun opinberra upplýsinga megi að hámarki nema endurheimtu kostnaðar við söfnun, framleiðslu, afritun eða dreifingu auk hóflegra afskrifta. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir þeirri stefnumörkun að almennt skuli ekki taka gjald fyrir söfnun eða framleiðslu gagna sem safnað er í opinberum tilgangi af stjórnvöldum, telji stjórnvald gjaldtöku nauðsynlega heldur megi gjaldið að hámarki nema kostnaðinum við að framreiða, afrita eða dreifa upplýsingunum auk hóflegra afskrifta.

Fasteignamat ríkisins annast fasteignaskráningu og rekstur gagna- og upplýsingakerfisins Landskrá fasteigna. Sú skrá er fjölnota skrá um fasteignir og eftirspurn eftir upplýsingum úr skránni fer vaxandi. Grundvallarupplýsingar um tiltekna fasteign eru veittar án endurgjalds á heimasíðu stofnunarinnar. Nánari upplýsingar um tiltekna fasteign eru veittar með áskrift, ýmist með samningi við stofnunina sjálfa eða svokallaða endursöluaðila. Tekjur af fasteignahluta Landskrár fasteigna grundvallast á gjaldskrá nr. 17/2001, sem fjármálaráðherra hefur staðfest, og renna til stofnunarinnar sjálfrar. Helstu notendur eru bankar, fjármálastofnanir, lögmenn, fasteignasalar og tryggingfélög. Tekjur úr þinglýsingahluta Landskrár fasteigna renna hins vegar til ríkissjóðs, sbr. lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991. Þá er vaxandi eftirspurn eftir svokölluðum sérvinnslum úr Landskrá fasteigna, en þá skilgreinir viðskiptavinurinn ýmis konar upplýsingaatriði sem hann óskar að fá t.d. um fasteignir í ákveðnum landshluta eða af ákveðinni tegund, s.s. íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði eða sumarbústaði. Slík vinnsla kallar á forritun og í langflestum tilvikum er mögulegt að afgreiða slík erindi innan 20 daga. Þó getur sá frestur reynst knappur t.d. ef eitt af þeim upplýsingaatriðum sem óskað er eftir varða persónuupplýsingar, t.d. nöfn eigenda eða kennitölur, og þarf þá fyrst að kanna hvort skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000 séu uppfyllt og í framhaldi af því jafnvel að senda tilkynningu til Persónuverndar. Þá er stofnuninni skylt að biða með úrvinnsluna í 10 daga frá því að tilkynning var send.

Að lokum er bent á að efnahags- og viðskiptanefnd hefur nú til meðferðar frumvarp til laga um skránggu og mat fasteigna, 350. mál, framlenging umsýslugjalds. Í frumvarpinu er lagt til að umsýslugjald, 0,1 prómill, af brunabótamati húseignar skuli framlengt til að standa straum af kostnaði við gerð Landskrár fasteigna. Í álitum efnahags- og viðskiptanefndar fyrir á 131. löggjafarþingi þegar sambærilegt frumvarp um framlengingu umsýslugjalds var til meðferðar kom fram að það skyldi kannað að láta þá aðila, s.s. banka, tryggingafélög og fasteignasala, sem nota skrána borga meira fyrir hana með hærri skráningargjöldum eða notendagjöldum. Þetta var m.a. ítrekað í 1. umræðu frumvarpsins sem er nú til meðferðar. Því virðist stofnuninni vera nokkur vandi á höndum að samræma stefnumörkun þá sem felst í þessu frumvarpi um hóflega gjaldtöku endurnotkun opinberra upplýsinga og kröfu um öflun meiri tekna frá notendum skrárinnar í stað álagningu umsýslugjalds á alla húseigendur.

F.h. Fasteignamats ríkisins



Margrét Hauksdóttir  
aðstoðarforstjóri